

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um málefni barna og unglunga í hópi nýbúa.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hverjir eru fimm stærstu málhóparnir á Íslandi nú, auk þess íslenska, og hve margir eru í hverjum þeirra?
2. Hve stór hluti þessara hópa eru börn og unglingar á grunn- eða framhaldsskólaaldri?
3. Í hvaða sveitarfélögum eiga þessi börn og unglingar heima?
4. Hvaða lögboðnu þjónustu eiga grunnskólanemendur í þessum hópi rétt á varðandi
 - a. íslenskunám,
 - b. móðurmálsnám,
 - c. almenna aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í?
5. Eru gerðar sömu kröfur til þessara nemenda á samræmdum íslenskuprófum og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?
6. Hvaða lögboðnu þjónustu eiga framhaldsskólanemar í þessum hópi rétt á varðandi
 - a. íslenskunám,
 - b. móðurmálsnám,
 - c. almenna aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í?
7. Eru gerðar sömu inntökukröfur í framhaldsskólum til þessara nemenda og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?
8. Eru gerðar sömu kröfur til þessara nemenda á íslenskuprófum í framhaldsskólum og þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli?
9. Hvert er brottfall þessara nemenda úr framhaldsskólum samanborið við brottfall íslenskra nemenda?

Skriflegt svar óskast.